



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis
iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2006
Tilvísun: UST20060300018/KG
Bréfalykill: 54.70

Tillaga til þingsályktunar um Djúpbörun á Íslandi, 61. mál

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar, dags. 2. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar við þingsályktunartillögu um áætlun hvernig ljúka megi verkefninu Djúpbörun á Íslandi á fimm til tíu árum. Verkefnið gengur út á að bora vinnsluholu niður á 4-5 km dýpi, á því dýpi er jarðhitavökvinn í yfirmarksástandi og ef hægt verður að koma honum í nýtanlegu horfi upp á yfirborðið margfastast aflið miðað við „venjulega” jarðhitaholu.

Háhitasvæði eru ákaflega fátíð í heiminum og hafa verulegt verndargildi, að hluta til vegna einstæðra landforma og landslags sem er á slíkum svæðum. Hér á landi eru um 20 háhitasvæði sem er vel sýnileg á yfirborði og þar af hefur um helmingi verið raskað á einn eða annan hátt vegna framkvæmda eða nýtingar.

Umhverfisstofnun hefur af þessum sökum áhyggjur af vaxandi ásókn í nýtingu jarðhitasvæða til orkuöflunar enda er um einstæða auðlind að ræða. Takist að afla meiri orku úr hverri háhitaholu en nú er gert á að vera unnt að nýta hvert svæði betur en hefði orðið með óbreyttri tækni. Það gefur kost á að láta fleiri svæði ósnortin. Umhverfisstofnun styður því framlagða tillögu og hvetur til þess að hún hljóti jákvæða afgreiðslu Alþingis.

Umhverfisstofnun ítrekar nauðsyn þess að þegar verði lokið við gerð rammaáætlunar og heildstæðrar áætlunar um nýtingu og verndun jarðhitasvæða. Að því loknu verður fyrst hægt að skipuleggja framtíð nýtingar, hvort sem niðurstaða framangreinds verkefnis verður jákvætt eður ei.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður

Afrit: Umhverfisaráðuneytið